

Félagsráðgjafardeild
Háskóli Íslands

Félagsmálaráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 24. júní 2020

Efni: Umsögn við drög að frumvarpi til laga um Barna- og fjölskyldustofu. 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal x - x. mál.

Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn vegna ofangreindra frumvarpsdraga.

Það er fagnaðarefni að stigið sé skref í íslenski löggjöf til að efla þjónustu við börn eins og hér er stefnt að. Meðfylgjandi eru nokkrar athugasemdir sem við vonum að reynist gagnlegar við lokavinnslu frumvarpsins.

Almennar athugasemdir

Til að tryggja árangur stofunnar er mikilvægt að til starfa þar ráðist vel menntaðir sérfræðingar á hinum ólíku starfssviðum hennar. Það mætti mögulega hnykkja á nauðsyn þessa í lögunum.

Enn fremur er mikilvægt að sú sérþekking sem starfsmenn Barnaverndarstofu hafa byggt upp nýtist áfram í nýrri stofu og að þess sé gætt að þeim hópi starfsmanna sé ekki ætlað að bæta við sig öðrum verkefnum heldur geti áfram einbeitt sér að verkefnum á sviði barnaverndar. Því er afar mikilvægt að stofunni verði tryggður öruggur rekstrargrundvöllur.

Athugasemdir við einstakar greinar:

Í 3. gr. er í f- lið kveðið á um að meðal hlutverka stofunnar séu „Fræðilegar rannsóknir sem þjóna markmiðum laga þessara og stuðningur við þróunar- og rannsóknarstarf á vegum annara.“ Í grg. segir um þetta atriði: „Forsenda þess að Barna- og fjölskyldustofa geti veitt öðrum stofnunum víðtækan stuðning er að nauðsynleg þekking sé til staðar innan stofnunarinnar. Starfsmenn verða því að hafa svigrúm til að afla sér þekkingar, þ.m.t. erlendis, og sinna eigin rannsóknum og gæðapróunarverkefnum.“

Hér er ekki alveg ljóst hvort ráð sé gert fyrir því að stofnunin hafi forgöngu um vinnslu rannsókna til að tryggja að auðsynleg þekking liggi fyrir á starfssviði stofunnar eins og skilja

má af f lið 3. gr. eða hvort um er að ræða rannsóknir sem starfsmenn vinna sjálfir til að afla sér þekkingar, sem hluta af starfsþróun, eins og skilja má af greinargerð. Það er því mikilvægt að kveða nánar á um markmið með rannsóknarstarfi stofunnar. Mögulega færi betur á að segja hlutverk stofunnar, „að stuðla að rannsóknnum á starfssviðum stofnunarinnar“ (Sbr. Lög um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 n-lið 4.gr.) og leggja þannig áherslu á mikilvægi þess að matsrannsóknir verði framkvæmdar á verkefnasviðum stofnunarinnar af utanaðkomandi matsaðilum. Í öllu falli væri betra að tala um matsrannsóknir en fræðilegar rannsóknir.

Ef hugmyndin er að Barna og fjölskyldustofa eigi að vera leiðandi rannsóknarstofnun, eins og lesa má úr seinni hluta setningar í f- lið um stuðning við þróunar og rannsóknarstarf annara, þá kallar slíkt hlutverk á ítarlegri ákvæði t.d. sambærileg við þau sem er að finna í lögum nr. 112/2015 um Hafrannsóknarstofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna þar sem m.a. er kveðið á um menntunarkröfur vegna ráðningar forstjóra og samstarf við háskóla og rannsóknarstofnanir.

Undirritaðar veita fúslega nánari upplýsingar ef óskað er.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. Félagsráðgjafardeildar HÍ

Sigrún Júlíusdóttir prófessor emeritus
Guðný Björk Eydal prófessor